

140. löggjafarþing 2011–2012.
Þingskjal 1470 — 717. mál.
Síðari umræða.

Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og hafa henni borist umsagnir um málið frá Fangelsismálastofnun ríkisins, félagi yfirlögregluþjóna, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Samkvæmt tillögunni er innanríkisráðherra falið að undirbúa aðgerðaráætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi sem liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2012. Þá er fjármálaráðherra falið að tryggja 50 millj. kr. fjárveitingu til lögreglunnar í fjáráukalögum þessa árs til að lögreglan geti starfrækt rannsóknar- og aðgerðarteymi gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Brýn þörf er talin vera á sérstökum aðgerðum gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem og að stemma stigu við vændi og mansali.

Umsagnaraðilar fagna tillögunni og leggur nefndin til að hún verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „1. október 2012“ í 1. mgr. komi: 1. desember 2012.
Skúli Helgason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. maí 2012.

Björgvin G. Sigurðsson,
form., frsm.

Þráinn Bertelsson.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Árni Þór Sigurðsson.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Siv Friðleifsdóttir.

Birgitta Jónsdóttir.